

Borgarstjórn
28. febrúar 2017

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um niðurgreiðslur á strætókortum fyrir börn

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að nýta hluta af fjárveitingum Reykjavíkurborgar til Strætó bs til að niðurgreiða strætókort fyrir börn og bjóði upp á þann valmöguleika fyrir árið 2018.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg eyðir mörgum milljónum króna árlega í kaup á strætómiðum og er það nýtt sem partur af fjárveitingum borgarinnar til Strætó. Ungmennaráð Árbæjar og Holta vill taka þetta skrefi lengra og nýta fjárveitingar til Strætó í niðurgreiðslu á strætókortum fyrir öll börn í Reykjavík og bjóða foreldrum og börnum upp á þann möguleika fyrir ársbyrjun 2018.